

Nd.

498. Breytingartillögur

[193. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Albert Guðmundssyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. 1. gr. orðist svo:

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var fyrir 1. janúar 1981 til 1. maí 1981, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema sönnur fyrir nauðsyn hennar liggja fyrir.

Frá og með 1. maí 1981 skulu taka gildi 8. og 12. gr. laga nr. 56/1978 eins og þær voru upphaflega samþykktar á Alþingi, og falla þar með úr gildi 59. og 60. gr. laga nr. 13/1979.

2. Við 5. gr. bætist eftirfarandi ákvæði:

Skerðing verðbóta hinn 1. mars 1981 skv. 1. mgr. þessarar greinar nær ekki til eftirtalinna bótaflokka Tryggingastofnunar ríkisins. Skulu þeir hækka í samræmi við breytingar á vísitölu skv. ákvæðum laga nr. 13/1979: Grunnellífeyrir, örorkulífeyrir, barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur (6 mán. og 8 ára bætur), ekkjubætur (12 mánaða bætur) og sjúkra- og slysadagpeningar.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skal semja tillögur um lækkun rekstrarútgjalda ríkissjóðs og leggja fyrir Alþingi eigi síðar en hinn 1. apríl n. k. Þessar tillögur skulu einnig ná til fjárlagaliða, sem ákveðnir eru með öðrum lögum, og framkvæmdaliða, ef tök eru talin á lækkun þeirra.

4. Við frv. bætist ný grein er verði 8. gr. Greinin orðist svo:

Við 18. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, bætist: án sérstakra styrkja eða neins konar millifærslu.

5. Við frv. bætist ný grein er verði 9. gr. Greinin orðist svo:

Lög nr. 77 frá 23. des. 1980 skulu falla úr gildi hinn 1. apríl n. k.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga skal skattvísitala fyrir árið 1981 vera 151 stig.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga um sérstakt tímabundið vörugjald, nr. 107 30. des. 1978, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, sbr. lög nr. 107 30. des. 1978 og lög nr. 80 23. des. 1980 skal sérstakt vörugjald af innfluttum vörum og inlendri framleiðslu eigi vera hærra en 18% frá 1. apríl 1981.

1. gr. laga nr. 23 16. maí 1980, um breytingu á lögum um söluskatt, breytist þannig að brott falli orðin „og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum“.

6. Við 8. gr. Greinin verði 10. gr.